



Umhverfisstofnun
Svið umhverfisgæða
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Stykkishólmi 9. ágúst 2022

Efni: Beiðni um álit Breiðafjarðarnefndar vegna skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði

Umhverfisstofnun óskar eftir afstöðu og áliti Breiðafjarðarnefndar til skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði árið 2019. Eftir að hafa farið yfir öll gögn sem Umhverfisstofnun lét fylgja beiðni er álit Breiðafjarðarnefndar eftirfarandi:

Mikilvægt er að skýra gildissvið laga um vernd Breiðafjarðar í ljósi staðsetningar skipsins á hafbotni Breiðafjarðar. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eiga að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Lög um vernd Breiðafjarðar taka hins vegar ekki til hafbotnsins neðan við fjörur. Ekki er með skýrum hætti kveðið á um gildissvið laganna, þ.e. hve langt út á sjó eða upp á meginlandið þau ná. Þó má ætla að í það minnsta nái mörkin frá stórstraumsflóðmörkum að stórstraumsfjörumörkum, auk þess að taka til eyjanna. Eignarhald á landi og skipulag sveitarfélaga nær þó venjulega ekki lengra til sjávar en sem svarar netlögum.

Skýrsla vegna umhverfisáhrifa og mengunarhættu vegna skipsflaks Blíðu í Breiðafirði, sem var unnin af EFLU í nóvember 2021, sýnir að staðsetning skipflaksins í 39 metra dýpi sé nokkuð langt frá næstu eyju eða skeri á Breiðafirði. Það er ómögulegt að fullvissa sig um þessa staðreynd þar sem GPS hnit eru ekki tilgreind í skýrslunni og kortið sýnir illa eyjar og sker Breiðafjarðar. Samanburður við önnur kort gefur samt til kynna að skipflak Blíðu sé að öllum líkindum fyrir utan verndarsvæði Breiðafjarðar. Flakið er hins vegar nálægt mörk verndarsvæðis.



Mynd 1: Staðsetning Blíðu samkvæmt skýrslu EFLU.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Vegna nálægðar flaks Blíðu við verndarsvæði Breiðafjarðar og möguleg áhrif þess inn á verndarsvæðið er mikilvægt að taka tillit til laga um vernd Breiðafjarðar að mati Breiðafjarðarnefndar. Þó að verndarsvæði Breiðafjarðar nái ekki yfir hafsbötn fjarðarins á þessum stað er Breiðafjörður ein náttúruleg heild og ekki er hægt að líta þröngt á möguleg áhrif mengunar á lífríki svæðisins. Mengun á þessum stað myndi dreifast um verndarsvæðið og hefði mögulega áhrif á lífríki.

Mikilvægt er að líta á hvaða mengandi efni séu um borð í skipsflakinu til að geta metið möguleg umhverfisáhrif. Samkvæmt skýrslu EFLU um mat á umhverfisáhrifum eru litlar líkur taldar vera á olíumengun frá skipinu. Niðurstaða áhættumatsins er sú að verði skipsflakið látið liggja óhreyft á botni sjávar sé heildaráhætta þess að til neikvæðra umhverfisáhrifa komi 16%. Gera má ráð fyrir að áhættan sé jafnvel enn lægri þar sem að engin merki um olíu fundust við skipsflakið í köfunaraðgerðum í júlí 2021. Þó má gera ráð fyrir að niðurbrot verði á skipsflakinu upp að vissu marki, og efni losni út í umhverfið í kring. Þau efni sem losna eru þó ekki skilgreind sem hættuleg efni, s.s. stál og viðarefni, og því ekki talin geta valdið umtalsverðri mengun. Þrátt fyrir að umtalsvert niðurbrot verði á skipinu mun það efni sem losnar ekki teljast umtalsvert og því hafa mjög lítil áhrif á nærumhverfið.

Þegar litið er í skýrslu EFLU kemur í ljós að mögulega eru enn frekari mengunarefni um borð Blíðu. Tölvupóstur Jóns Pálssonar í „viðauka A“ nefnir eftirfarandi tvö atriði sem þarf að skoða betur að mati Breiðafjarðarnefndar.

- Mögulega eru enn tvær rafhlöður í vélarrými skipsins.
 - Rafhlöður innihalda m.a. blý sem er mjög skaðlegt fyrir umhverfi. Það er sérstaklega að mikilvægt að skoða rafhlöðurnar nánar í ljósi þess að nokkrar tegundir fiska og skeldýra hafa tekið sér bólfestu í skipinu. Auk þess hafa ýmsir hryggleysingjar og þörungar nú þegar þakið mestan hluta flaksins.
- Jón nefnir að mögulega sé HBCDD í bátnum. Að hans mati er magnið líklegast í grömmum frekar en kílógrömmum.
 - HBCDD er algengt efni í skipum. Þó að magnið sé lítið þarf að skoða hversu mikið er í flakinu og hvort auðvelt sé að hreinsa þá hluti sem innihalda HBCDD .

Auk þessara tveggja atriða virðist enn vera ákveðin óvissa um hvort öll olían hafi lekið út í sjó eða hvort eitthvað sé eftir í bátnum. Í skýrslu EFLU kemur fram að „rannsóknir kafara á skipsflakinu í júlí 2021 leiddu í ljós að ekki var nein olía sjáanleg í tönkum eða lögnum, og því líklegast að slík efni hafi skilað sér út í sjó nú þegar“¹. Mikilvægt er að mati Breiðafjarðarnefndar að athuga hvort einhver olía sé enn eftir í tönkum.

Niðurstöður Breiðafjarðarnefndar

Það er álit Breiðafjarðarnefndar að það þurfi að fullvissa sig um að mengunarefni séu varanlega farin úr skipflakinu áður en skipinu verður leyft að brotna niður náttúrulega á hafbotni. Tryggja þarf að allar rafhlöður verði fjarlægðar og að engin olía sé eftir í skipinu. Svo þarf að ganga úr skugga um

¹ EFLA. (30.11.2021). Umhverfisáhrif og mengunarhætta vegna skipsflaks í Breiðafirði. Blíða SH 277. Bls. 26.



BREIÐAFJARÐARNEFND

hversu mikið HBCDD sé í bátnum. Mengunarefni í rafgeymum eins og blý, HBCDD og olía eru öll mjög skaðleg og mengandi efni sem skila sér í lífríki sjávar og geta skaðað það til framtíðar.

Breiðafjarðarnefnd telur að miðað við fyrirbyggjandi gögn sé flak Blíðu ekki líklegt til að valda miklum skaða á náttúru Breiðafjarðar. Það þarf samt að tryggja að öll mengunarefni sem hægt er að bjarga verði fjarlægð úr flakinu. Samkvæmt Breiðafjarðarnefndar er skipflakið ólíklegt til að raska verulega verndargildi Breiðafjarðar til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,